

**ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR  
nr. 124/2013****2013/EES/67/23****frá 14. júní 2013****um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKID NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist „EES-samningurinn“ í því sem hér fer á eftir, einkum ákvæða 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2012/88/ESB frá 25. janúar 2012 um tækniforskrift um rekstrarsamhæfi að því er varðar stjórn- og merkjakerfi í samevrópska járnbrautakerfinu <sup>(1)</sup>.
- 2) Fella ber inn í EES-samninginn ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2012/696/ESB frá 6. nóvember 2012 um breytingu á ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2012/88/ESB um tækniforskrift um rekstrarsamhæfi að því er varðar stjórn- og merkjakerfi í samevrópska járnbrautakerfinu <sup>(2)</sup>.
- 3) Samkvæmt ákvæðum ákvörðunar 2012/88/ESB falla úr gildi ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2006/679/EB <sup>(3)</sup> og ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2006/860/EB <sup>(4)</sup>, en þær gerðir hafa verið felldar inn í EES-samninginn og ber því að fella þær úr EES-samningnum.
- 4) XIII. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

*1. gr.*

Ákvæði XIII. viðauka við EES-samninginn breytist sem hér segir:

1. Eftirfarandi bætist við í lið 37di (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2011/291/ESB):  
„eins og henni var breytt með:  
– **32012 D 0088**: Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2012/88/ESB frá 25. janúar 2012 (Stjtíð. ESB L 51, 23.2.2012, bls. 1)“
2. Texti liðar 37i (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2006/679/EB) hljóði svo:  
„**32012 D 0088**: Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2012/88/ESB frá 25. janúar 2012 um tækniforskrift um rekstrarsamhæfi að því er varðar stjórn- og merkjakerfi í samevrópska járnbrautakerfinu (Stjtíð. ESB L 51, 23.2.2012, bls. 1), eins og henni var breytt með:  
– **32012 D 0696**: Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2012/696/ESB frá 6. nóvember 2012 (Stjtíð. ESB L 311, 10.11.2012, bls. 3).“
3. Texti liðar 37j (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2006/860/EC) falli brott.

*2. gr.*Íslenskur og norskur texti ákvarðana 2012/88/ESB og 2012/696/ESB, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.*3. gr.*

Ákvörðun þessi öðlast gildi 15. júní 2013, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni (\*).

<sup>(1)</sup> Stjtíð. ESB L 51, 23.2.2012, bls. 1.

<sup>(2)</sup> Stjtíð. ESB L 311, 10.11.2012, bls. 3.

<sup>(3)</sup> Stjtíð. ESB L 284, 16.10.2006, bls. 1.

<sup>(4)</sup> Stjtíð. ESB L 342, 7.12.2006, bls. 1.

(\*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 14. júní 2013.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

***Gianluca Grippa***

formaður.